



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 107. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

mánudaginn 11. febrúar 2013 kl. 15:00 í húsakynnum Landsvirkjunar.

Mætt: Bjarni Pálsson, formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Jakob S. Friðriksson, Kristín Vala Matthíasdóttir og Magnús Ólafsson. Boðuð forföll: Magnús Þór Jónsson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrirliggjandi drög samþykkt með einni breytingu.

### 2. Innheimta félagsgjalda

Um 60% félagsmanna hafa þegar greitt félagsgjöldin fyrir árið 2012, en greiðslu var óskað fyrir lok febrúar. Undir þessum lið var jafnframt fjallað um fjármál félagsins og þá ekki síst leiðir til að afla nýrra félagsmanna. Ákveðið var:

- að á opnum fundum félagsins yrði minnt á mikilvægi aðildar;
- að þátttakendur í opnum fundum geti óskað aðildar að félaginu, þeir sem ekki væru það þegar, með því að haka við slíka beiðni á skráningarblaði;
- að stjórnarmenn framsendi upplýsingar um fundi á póstlista á borð við innan sinna eigin fyrirtækja, jafnframt mætti – þegar við á – minna á sérstakt námsmannagjald;
- að formaður tæki að sér að leggja drög að stuttum hvatningartexta um ágæti aðildar að Jarðhitafélaginu (til að setja á vef félagsins undir mola um félagsaðild, og láta fylgja með fundarboðum þegar þau yrðu áframsend).

### 3. Aðal- og vorfundur 2013

Ákveðið að stefna að aðal- og vorfundi eftir hádegi þriðjudaginn 9. apríl. Fundarstaður og þema vorfundar áfram til umræðu á næsta fundi.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 11. mars, í húsakynnum Mannvits.

Fundi slitið kl. 17:00. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---